

Nd.

637. Frumvarp til laga

[303. mál]

um breyting á lögum nr. 57 27. apríl 1973 um atvinnuleysistryggingar.

(Lagt fyrir Alþingi á 94. löggjafarþingi, 1973—1974.)

1. gr.

Í stað: „1. taxa“ í 1. málslíð 1. mgr. 5. gr. laganna komi: „lægsta taxa“.

2. gr.

Síðasta mgr. 15. gr. hljóði svo:

Til þess að öðlast bótarétt verður umsækjandi að láta skrá sig daglega hjá vinnumiðlun, að viðlögðum missi bótaréttar. Geti umsækjandi ekki látið skrá sig vegna veikinda, skal hann láta skrá sig næsta dag, sem honum er unnt, að viðlögðum missi bóta samkvæmt framansögðu. Óheimilt er að greiða bætur fyrir atvinnuleysis-tímabil, sem ekki hefur verið skráð hjá vinnumiðlun lögum samkvæmt.

3. gr.

16. gr. b-liður orðist svo:

njóta slysa- eða sjúkradagpeninga samkvæmt lögum um almannatryggingar, eða njóta launa á meðan þeir eru atvinnulausir, sbr. 26. gr.

4. gr.

1. málslíður 1. mgr. orðist svo:

Atvinnuleysisbætur miðast við laun fyrir 8 klst. dagvinnu, eins og þau eru á hverjum tíma, samkvæmt næst lægsta taxa Verkamannafélagsins Dagsbrúnar í Reykjavík og skulu vera, sem hér segir:

a-liður 1. málslíður 18. gr. orðist svo:

Til kvænts manns eða giftrar konu, sem er aðalfyrirvinna heimilis 80% af áður greindum launum.

5. gr.

Á eftir 25. gr. komi ný grein, sem verði 26. gr. svohljóðandi, en greinatala laganna breytist samkvæmt því:

Vinnuveitandi, sem gert hefur samkomulag við launþega í fiskvinnu, sem tryggir honum dagvinnukaup fyrir fyrstu þrjú atvinnuleysisdaga í viku hverri frá 27. febrúar 1974 til febrúarloka 1976, fyrstu fjóra atvinnuleysisdaga á tímabilinu 1. mars 1976 til febrúarloka 1978 og fimm atvinnuleysisdaga frá 1. mars 1978, á rétt á endurgreiðslu úr Atvinnuleysistryggingasjóði á allt að 60% slíkra launagreiðslna, eftir því, sem nánar greinir í reglugerð, sem ráðherra setur.

Í reglugerð þessa skal setja ítarleg ákvæði um efni þess samkomulags á milli vinnuveitanda og launþega, sem gert er ráð fyrir í grein þessari. Enn fremur skal setja ákvæði um rétt vinnuveitanda til endurgreiðslu úr Atvinnuleysistryggingasjóði, sem minnkar úr 60% 1. mars í 50% á ári hverju uns hún fellur niður með öllu frá og með 1. mars 1984. Svo skal og setja ákvæði í reglugerðina um nánari tilhögun endurgreiðslunnar og annað það, sem varðar framkvæmd laga þessara.

Samkomulag samkvæmt grein þessari skal vera skriflegt og öðlast ekki gildi fyrr en það hefur verið tilkynnt trúnaðarmanni hlutaðeigandi úthlutunarnefndar, sbr. 14. gr., og hann hefur staðfest samninginn með áritun sinni.

6. gr.

Til lánveitinga og styrkja samkvæmt 22.—25. gr. laga þessara er stjórn sjóðsins heimilt að verja allt að 40% af árlegum vaxtatekjum sjóðsins.

7. gr.

Við ákvæði laganna til bráðabirgða bætist ný mgr. svohljóðandi:

Nú hafa vinnuveitandi og launþegi gert með sér samkomulag samkvæmt 26. gr. þegar lög þessi öðlast gildi og skal þá slíkt samkomulag vera gilt, enda fari tilkynning og áritun, sbr. síðustu mgr. 26. gr., fram innan 14 daga frá gildistöku laganna.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Til þess að greiða fyrir lausn kjaradeilu þeirrar, sem lauk með samkomulagi á milli aðila vinnumarkaðarins 26. febr. 1974, hét ríkisstjórnin að beita sér fyrir því, að breytt yrði á yfirstandandi þingi lögum um atvinnuleysistryggingar í því skyni að koma á kauptryggingu verkafólks í fiskvinnu, sbr. 4. gr. samningsins, sem prentuð er sem fylgiskjal I með frumvarpinu.

Með bréfi heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins, dags. 8. mars 1974, skipaði það eftirtalda þrjá menn í nefnd til að gera drög að frumvarpi til laga um breytingu á lögum um atvinnuleysistryggingar, hér að lútandi: Eðvarð Sigurðsson, alþingismaður, Kristján Ragnarsson, framkvæmdastjóri og Hjálmar Vilhjálmsson fyrrv. ráðuneytisstjóri og var hann jafnframt skipaður formaður nefndarinnar.

Almenn greinargerð fyrir efni þessa frumvarps felst í ákvæðum kjarasamningsins, 4. gr., og er hér með vísað til fylgiskjals I um þau atriði.

Hér fara á eftir athugasemdir við einstakar greinar.

Um 1. gr.

Þar eð 1. taxti Verkamannafélagsins Dagsbrún er ekki lengur í gildi, en hann var lægsti taxti félagsins, er lagt til, að í stað orðanna: „1. Taxti“, komi: „lægsti taxti“.

Um 2. gr.

Þegar núgildandi lög um atvinnuleysistryggingar voru samin var þess ekki gætt að samræma ákvæði síðustu mgr. 15. gr. laganna við afnám biðtímans, sem var sex dagar eftir eldri lögum. Í stað vikulegrar skráningar verður því að koma dagleg skráning samkvæmt lögnum um vinnumiðlun. Lagt er til, að sú breyting verði lögfest.

Um 3. gr.

Breyting þessi er e. t. v. ekki nauðsynleg, en betur þykir þó fara á því, að taka það skýlaust fram, að þeir, sem njóta dagkaups fyrir atvinnuleysisdaga, geti ekki á meðan notið bóta vegna atvinnuleysis.

Um 4. gr.

Fyrri breytingin á 18. gr. er í samræmi við það, að 1. og 2. taxti Dagsbrúnar eru nú ekki lengur í gildi, en næst lægsti taxti, sem nú gildir svarar til 2. taxa, sem gildi fyrir síðustu samninga.

Hin breytingin er leiðrétting á prentvillu, sem nú er í lagatextanum, þar sem stendur „áður greiddum“ en á að vera „áður greindum“.

Um 5. gr.

Efni greinarinnar er í samræmi við 4. gr. kjarasamninganna, sjá fylgiskjal I.

Með frumvarpinu er prentuð reglugerð um kauptryggingu verkafólks í fiskvinnu, sjá fylgiskjal II. Gert er ráð fyrir að reglugerð þessi verði gefin út þegar í stað, ef frumvarp þetta verður að lögum.

Þar eð fylgiskjöl þessi skýra efni greinarinnar er ekki þörf frekari athugasemda.

Um 6. gr.

Parfnast ekki skýringa.

Um 7. gr.

Samkvæmt yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar, sjá fskj. I i.f. er gert ráð fyrir því, að lög þessi gildi frá og með 27. febr. 1974. Virðist því nauðsynlegt að setja ákvæði til bráðabirgða svo, sem hér er lagt til. Frestur til að fullnægja ákvæðum laganna um tilkynningu og áritun virðist hæfilega ákveðinn 14 dagar frá gildistöku laganna.

Um 8. gr.

Parfnast ekki skýringa.

4. grein samningsaðila vinnumarkaðarins frá 26. febrúar 1974.

Fylgiskjal I.

Samkomulag um kauptryggingu verkafólks í fiskvinnu.

Þegar starfsfólk í fiskvinnu hefur unnið samfelld hjá sama atvinnurekanda í 4 vikur skal því gefinn kostur á að gera sérstakan ráðningarsamning, sem feli í sér eftirfarandi atriði:

1. Starfsfólk skal halda dagvinnukaupi fyrstu 3 atvinnuleysisdaga í viku hverri. Frá 1. mars 1976 skal starfsfólk halda dagvinnukaupi fyrstu 4 atvinnuleysisdaga í viku hverri og frá 1. mars 1978 5 atvinnuleysisdaga.

Starfsfólk, sem ráðið er til hálf dags vinnu nýtur hlutfallslega sömu réttinda.

2. Starfsfólki ber að vinna öll algeng störf í fiskvinnsluhúsum samkvæmt fyrirmælum verkstjóra.

3. Starfsfólki ber að hlýða útkalli, nema lögmæt forföll hamli.

4. Neiti starfsfólk vinnu samkvæmt tölulíð 2 eða mæti ekki til vinnu, þegar vinna er fyrir hendi, falla réttindi þau, sem samningur þessi gerir ráð fyrir úr gildi þá viku.

5. Með samfelldri fjögurra vikna vinnu er átt við, að unnið hafi verið hjá sama atvinnuveitanda full dagvinna í fjórar vikur, enda jafngildi fjarvistir vegna veikinda, slysa, hráefnisskorts eða sambærilegra orsaka fullri vinnu.

6. Heimilt er að segja kauptryggingu verkafólks upp með viku fyrirvara, ef fyrirsjáanleg er vinnslustöðvun. Eftir að vinnsla hefst á ný nýtur verkafólk áunninna réttinda.

7. Sextíu af hundraði greiðslu, sem vinnuveitendur greiða vegna þessarar tryggingar, skal Atvinnuleysistryggingasjóður endurgreiða viðkomandi fyrirtæki mánaðarlega, enda hafi trúnaðarmaður og annar launþegi, er trúnaðarmaður eða stéttarfélag velur, staðfest framlögð gögn með daglegri uppáskrift.

Þann 1. mars 1979 lækkar greiðsluhlutfall Atvinnuleysistryggingasjóðs í 50% á ári næstu 5 ár, þannig, að greiðsla sjóðsins fellur niður frá og með 1. mars 1984.

8. Samkomulag þetta tekur gildi við undirskrift samnings þessa, enda hafi ríkisstjórnin lofað að beita sér fyrir, að breyting á lögum um Atvinnuleysistryggingasjóð verði gerð á Alþingi því, er nú situr, er heimili greiðslu til vinnuveitenda sbr. tölulíð 7 hér að framan.

Reglugerð um framkvæmd og eftirlit verði gerð í samráði við Alþýðusamband Íslands og Vinnuveitendasamband Íslands.

Yfirlýsing.

Ríkisstjórnin mun beita sér fyrir að breytt verði á yfirstandandi þingi lögum um Atvinnuleysistryggingasjóð þannig, að greiðslur samkvæmt framanskráðu samkomulagi geti farið fram.

Reykjavík, 25. febrúar 1974.

Lúðvík Jósepsson.

Björn Jónsson.

Halldór E. Sigurðsson.

Fylgiskjal II.

Reglugerð um kauptryggingu verkafólks í fiskvinnu.

1. gr.

Þegar starfsfólk í fiskvinnu hefur unnið samfellt hjá sama vinnuveitanda í fjórar vikur, skal vinnuveitandi gefa því kost á sérstökum ráðningarsamningi, sem tryggi því dagvinnukaup fyrir atvinnuleysisdaga, svo sem nánar segir í reglugerð þessari.

2. gr.

Skylda vinnuveitanda til samningsgerðar samkvæmt 1. gr. er háð því, að launþegi hafi unnið hjá honum fulla dagvinnu samfellt í fjórar vikur. Í því sambandi jafngilda fjarvistir vegna veikinda, slysa, hráfnisskorts eða sambærilegra orsaka fullri vinnu.

Heimilt er þó vinnuveitanda að segja ráðningarsamningi upp með einnar viku fyrirvara, ef vinnustöðvun í fiskvinnu er fyrirsjáanleg. Eftir að vinnsla hefst á ný og launþegi hefur tekið aftur til starfa hjá honum nýtur launþegi sama réttar og hann hafði þegar ráðningarsamningi var sagt upp.

3. gr.

Réttindi launþega til kaups fyrir atvinnuleysisdaga er háð því, að:

- a. að hann vinni öll algeng störf í fiskvinnsluhúsum samkvæmt fyrirmælum verkstjóra,
- b. hann sæki vinnu þegar þess er óskað, nema lögmæt forföll hamli.

Neiti launþegi að vinna eða komi ekki til vinnu þegar vinna er fyrir hendi, fær hann ekki greitt dagkaup fyrir atvinnuleysisdaga í þeirri viku.

4. gr.

Þegar fullnægt er 2. og 3. gr. reglugerðar þessarar skal launþegi halda dagvinnukaupi fyrir þrjá fyrstu atvinnuleysisdaga í hverri viku.

Frá 1. mars 1976 skal hann, að fullnægðum sömu ákvæðum, halda dagvinnukaupi fyrstu fjóra atvinnuleysisdaga í viku hverri og frá 1. mars 1978 fimm atvinnuleysisdaga.

Launþegi, sem ráðinn er til hálf dags vinnu, nýtur hlutfallslega sömu réttinda.

Laun þau, sem greiða ber samkvæmt reglugerð þessari, skulu innt af hendi á venjulegum útborgunardögum hjá hlutaðeigandi vinnuveitanda.

5. gr.

Vinnuveitandi á rétt til þess, að Atvinnuleysistryggingasjóður endurgreiði honum mánaðarlega kaupgreiðslur þær, sem hann hefur innt af hendi næstliðinn mánuð svo sem hér segir:

Á tímabilinu frá 26. febrúar 1974 til febrúarloka 1979 skal endurgreiðslan nema 60% af greiddum daglaunum. Frá og með 1. mars 1979 minnkar endurgreiðsla þessi úr 60% í 50% og síðan lækkar hún um 10% á ári hverju næstu árin, uns endurgreiðsla sjóðsins fellur niður með öllu frá og með 1. mars 1984.

6. gr.

Vinnuveitandi skal halda skrá um þá launþega, sem hann hefur gert ráðningarsamning við, samkvæmt reglugerð þessari.

Á skrána skal færa þá atvinnuleysisdaga hvers einstaks launþega, sem vinnuveitanda ber að greiða dagvinnukaup fyrir.

Trúnaðarmaður, sem hlutaðeigandi úthlutunarnefnd atvinnuleysisbóta skal tilnefna, ásamt öðrum trúnaðarmanni, tilnefndum af hlutaðeigandi stéttarfélagi eða af trúnaðarmanni úthlutunarnefndar, skulu, eftir því, sem atvinnuleysisdagar falla til, daglega votta með áritun sinni á skrána, að framtaldir atvinnuleysisdagar einstakra launþega séu rétt taldir.

Trúnaðarmenn þessir skulu og ganga úr skugga um, að dagvinnukaup hafi verið innt af hendi, svo sem fyrir er mælt í 4. gr. og staðfesta það með áritun sinni á skrána, þegar vinnuveitandi óskar þess.

Ráðuneytið lætur gera eyðublöð fyrir skrá þessa og ráðningarsamning, sbr. 1. gr., sem Tryggingastofnun ríkisins eða umboðsmenn hennar láta vinnuveitanda í té, án endurgjalds, þegar hann óskar þess. (Sjá fskj. 1 og 2 með rg. þessari).

7. gr.

Vinnuveitandi getur snúið sér til Tryggingastofnunar ríkisins eða umboðsmanna hennar og fengið endurgreiddan frá Atvinnuþryggingasjóði hluta greidds dagvinnukaups, samkvæmt reglugerð þessari, sbr. 5. gr., enda liggi fyrir áritun trúnaðarmanna samkvæmt 3. og 4. mgr. 6. gr. á skrá þá, sem þar um ræðir.

Endurgreiðsla fer fram gegn afhendingu skrárinnar. Endurgreiðslur samkvæmt grein þessari skulu inntar af hendi mánaðarlega vegna greiddra launa í næstliðnum mánuði.

8. gr.

Samkomulag samkvæmt reglugerð þessari skal vera skriflegt og öðlast ekki gildi fyrir en það hefur verið tilkynnt trúnaðarmanni hlutaðeigandi úthlutunarnefndar atvinnuleysisbóta og hann staðfest það með undirskrift sinni.

9. gr.

Nú hafa vinnuveitandi og launþegi gert með sér samkomulag samkvæmt 4. gr. kjarasamnings aðildarféлага vinnumarkaðarins frá 26. febrúar 1974 áður en reglugerð þessi ölast gildi og skal þá slíkt samkomulag vera gilt, enda fari tilkynning og áritun, sbr. 8. gr. og 3. mgr. 6. gr., fram innan 14 daga frá gildistöku reglugerðarinnar.

10. gr.

Ákvæði reglugerðar þessarar hagma ekki almennum reglum um slit vinnusamninga.

11. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er skv. heimild í lögum um atvinnuleysistryggingar, öðlast gildi nú þegar.

Fylgiskjal 1.

**RÁÐNINGARSAMNINGUR
um kauptryggingu verkafólks í fiskvinnu.**

..... í samningi þessum nefndur
vinnuveitandi og í samningi

þessum nefndur launþegi, gera með sér svofelldan ráðningarsamning:

1. Vinnuveitandi skuldbindur sig til að greiða launþega dagvinnukaup fyrir atvinnuleysisdaga samkvæmt reglugerð um kauptryggingu verkafólks í fiskvinnu og samningi þessum.

2. Vinnuveitandi skal greiða launþega dagvinnukaup fyrstu þrjá atvinnuleysisdaga í viku hverri, enda fullnægi launþegi ákvæðum 3.—4. töluliðs samnings þessa.

3. Launþega er skylt að vinna öll algeng störf í fiskvinnsluhúsum samkvæmt fyrirmælum verkstjóra.

4. Launþega er skylt að koma til starfa þegar vinnuveitandi óskar þess, nema lögmæt forföll hamli.

5. Brjóti launþegi ákvæði 3. eða 4. töluliðs samnings þessa, glatar hann rétti sínum til dagvinnukaups fyrir atvinnuleysisdaga í þeirri viku, sem hann brýtur téð ákvæði.

6. Vinnuveitanda er heimilt að segja upp samningi þessum með viku fyrirvara, ef vinnslustöðvun er fyrirsjáanleg. Launþegi heldur þó rétti þeim, sem hann hafði fyrir uppsögn samningsins, eftir að vinnsla hefst á ný og hann hefur tekið upp störf hjá vinnuveitanda.

7. Ákvæði samnings þessa hagma ekki almennum reglum um slit vinnusamninga.

Samningi þessum til staðfestu undirritum við eiginhandarnöfn okkar.

.....
.....

Vottorð:

Ég undirritaður votta hér með, að ofanskráður samningur hefur verið skrásett-
ur hjá úthlutunarnefnd atvinnuleysisbóta

.....
.....
.....

Fylgiskjal 2.

Skrá

yfir atvinnuleysisdaga, sem ber að greiða dagvinnukaup fyrir.
nafn vinnuveitanda

Mánaðar- dagur og ár	Nöfn launþega og heimili	Áritun trúnaðarmanna og dagsetning	Dagvinnuk.

Alls kr.

Vottorð:

Það vottast hér með, að
hefur greitt launþegum skilvislega 60% dagvinnukaups samkvæmt skrá þessari. Þar af 60% = kr.

.....
stað- og dagsetning

.....
trúnaðarm. úthlutunarn.
trúnaðarmaður